

**Nd.**

**317. Nefndarálit**

[111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 36 1958 og lögum nr. 40 1959, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt efni þess á einum fundi. Á fundinum voru mættir auk nefndarmanna Björn Ólafsson fyrrv. ráðherra, form. nefndar þeirrar, er frumvarpið samdi, og Halldór Sigfússon skattstjóri.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaðir, sem mynda meiri hluta nefndarinnar í afstöðu til þessa máls, telja, að frumvarp þetta feli í sér verulegar lagfæringar á núverandi tekjuskattslögum og að með því sé stefnt í rétta átt við endurskoðun skattalöggjafarinnar í heild, og mæla með, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1960.

Birgir Kjaran,  
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,  
fundaskr.

Jóhann Hafstein.